



**Viðtakandi:** Menningar, íþróttar og tómstundaráð

**Sendandi:** Menningarborgin

Reykjavík, 6. nóvember 2024

MIR24110005

## MINNISBLAÐ

Til að koma til móts við rekstrarvanda Tjarnarbíós árið 2023 var m.a. gerður samningur á milli menningar- og viðskiptaráðuneytis og menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar til eflingar sviðslista fyrir árin 2023 – 2024.

Samkomulag ríkis og borgar inniheldur þrjú meginmarkmiðin:

- Styðja við innviði sviðslistasenu höfuðborgarinnar með sérstöku tilliti til stuðnings við málefni Tjarnarbíós.
- Gera úttekt og þarfagreiningu á aðstöðu sviðslistafólks á höfuðborgarsvæðinu.
- Gera úttekt á rekstri Tjarnarbíós til að greina tækifæri og áskoranir í rekstrinum með það fyrir augum að auka sjálfbærni og treysta stoðir rekstursins til framtíðar.

Úttekt á rekstri Tjarnarbíós liggur fyrir en vinna við lið 2. „Að gera úttekt og þarfagreiningu á aðstöðu sviðslistafólks á höfuðborgarsvæðinu“ er enn í vinnslu. Vegna veikinda starfsmanns þarf að finna nýjan úttektaraðila.

Lagt er til að Vigdís Jakobsdóttir, fyrirverandi listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík verði ráðin í verkið.

Vigdís þekkir vel umhverfi sviðslista í Reykjavík, er í stjórn Sviðslistamiðstöðvar Íslands og var fulltrúi miðstöðvarinnar í starfshópi um sviðslistastefnu á vegum menningar- og viðskiptaráðuneytisins.

Stefnt er að úttekin verði tilbúin í lok janúar.

Virðingarfyllst,  
Arnfríður S Valdimarsdóttir  
Menningarborgin  
Menningar- og íþróttasvið



Reykjavík